

# Eystrahorn

16. tbl. 39. árgangur

Fimmtudagurinn 29. apríl 2021

www.eystrahorn.is

## Vorar í Vatnajökulsþjóðgarði

### Skaftafell

Í Skaftafell flykkjast nú fljúgandi gestir, eða öllu heldur heimamenn, sem komnir eru úr vetrarfrí sunnar í álfunni, margir hverjir frá Bretlandseyjum. Farfuglarnir eru komnir. Sést hefur til skógarþrasta, grágæsa, hrossagauka, einnar maríuerlu, stokkanda og urtanda. Að frátalinni þessari fiðruðu umferð hefur verið rólegt á Suðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs í vetur eins og víða annarsstaðar. Í Skaftafell komu að meðaltali um 16 bílar á dag í janúar og febrúar eða 56 gestir á dag séu áætlaðir 3,5 farþegar á hvern bíl. Skaftafellsstofa hefur verið opin og þangað inn hafa komið að meðaltali sex til sjö gestir á dag frá áramótum. Til samanburðar komu í Skaftafell um 254 bílar á dag eða tæpir 900 gestir í janúar og febrúar árið 2019.

Þessi óvenju rólega tíð nýtist vel til ýmissa verka en framkvæmdir við nýtt fráveitukerfi í Skaftafelli eru hafnar og uppsetning fræðslutorgs við gestastofuna þar komin vel á veg. Landverðir sinna venjubundnu eftirliti með stígum og áningarstöðum og nýta umfram tíma í vorhreingeringar og til að undirbúa áframhaldandi viðhald göngustíga í Skaftafelli frá síðasta sumri. Landslagsarkitektinn Gunnar Óli Guðjónsson mun koma í Skaftafell og halda námskeið fyrir landverði í viðhaldi stíga í lok apríl.

Eins og venja er á vorin er nú göngustígur um efri

hluta Skaftafellsheiðar frá Sjónarnípu að Sjónarskeri um Kristínartinda lokaður til verndunar stígsins. Aðrir stígar eru opnir og starfsfólk þjóðgarðsins býður alla velkomna að ganga um svæðið og njóta iðandi fuglalífsins sem komið er yfir hafið.


### Jökulsárlón

Vorsins verður einnig vart á Breiðamerkursandi en í lok mars sást til skúma sem snúið höfðu aftur eftir vetrardvöl á Norður-Atlantshafi. Nokkru seinna kom kjóinn en hann hefur um lengri veg að fara þar sem hann hefur vetrarsetu á Suður-Atlantshafi, sunnan miðbaugs. Gott var að sjá þessa tignarlegu íbúa jökulsandanna aftur.

Af annarri umferð er það að segja að í janúar og febrúar komu að meðaltali tæplega 30 bílar á dag á Jökulsárlón, eða um 100 gestir á dag sé sama aðferð notuð og hér að ofan. Árið 2019 voru bílarnir 416 á dag á sama tíma og um 1.456 gestir sem sóttu Jökulsárlón daglega heim.

Landverðir á Breiðamerkursandi hafa í vetur og vor m.a. unnið að því að afmarka aðalbílstaði við Jökulsárlón með rekaviðardrumbum úr fjörinni. Þeir leysa af hólmi appelsínugular umferðarkeilur sem þar hafa verið.

*Starfsmenn Suðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs óska íbúum Sveitarfélagsins Hornafjarðar gleðilegs sumars.*



Hægt er að nálgast blaðið og eldri blöð á [www.eystrahorn.is](http://www.eystrahorn.is)

## HAFNARKIRKJA



Sunnudaginn 2. maí  
Sumarhelgistund kl. 11:00.  
Sungnir verða sumarsálmar  
og lesnar verða bænir

tengdar sumrinu.

Allir velkomnir.

Minum á sóttvarnarreglur

*Prestarnir*

## FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIRÐINGA



Kæru félagar

Badminton og boccia í

Íþróttahúsinu á **mánudögum**

**kl. 10:40 - 11:40.** Upplagt að liðka sig  
aðeins fyrir sumarið.

Sindri Ragnarsson mætir og  
leiðbeinir.

### Húsnæði óskast

Fjölskylda óskar eftir 4-5 herbergja íbúð eða húsi  
til leigu sem fyrst.  
Skilvísium greiðslum heitið.

**Hafsteinn Ísaksen**

Farsími: 760-3720

[hafsteinn.isaksen@gmail.com](mailto:hafsteinn.isaksen@gmail.com)

## ÆDALFUNDUR

Kvenfélagið Tíbrá boðar til aðalfundar  
**fimmtudaginn 6. maí klukkan 20.00** í  
Ekrusalnum.

Dagskrá fundar: slit félagsins.

*Með kveðju  
stjórnin*

## ÁRSFUNDUR BYGGÐASTOFNUNAR 2021

**Fimmtudaginn 6. maí  
kl. 13:00**

Fundurinn verður sendur út  
á netinu og öllum opinn.

Dagskrá fundarins og hlekk  
á viðburðinn má nálgast á  
[byggdastofnun.is](http://byggdastofnun.is)



BYGGÐASTOFNUN

Stórfengleg borg

## Beint flug frá Egilsstöðum

6.-10. október (flogið er út um kl. 17 og til baka um kl. 20)

# Riga



Letlandi

Gamli og nýi tíminn mætast í borg sem  
ekki á sinn líka. Miðstöð menningar og  
lista við Eystrasaltið.

Úrval veitingahúsa, verslana (m.a. H&M)  
og kafihúsa.  
Næturlíf eins og það gerist best.

Gamli bærinn er frá árinu 1201 og er  
verndaður af Unesco. Þar ber hæst kastalinn  
í Riga, kirkja Sankti Péturs og Dómkirkjan.  
Gamli bærinn í Riga er virkilegt augnayndi  
hvert sem lítið er og setur borgina á stall  
með fallettri borgum Evrópu.

Verð per mann í tveggja manna herbergi

**kr. 127.800,-**

Innifalið: Flug, skattar, 4\* hótél í miðbænum með morgunmat,  
íslensk fararstjórn og rúta til og frá flugvelli.

Trans Atlantic sérhæfir sig í ferðum til Eystrasaltslanda.



**Trans - Atlantic**  
Sími 588 8900

Upplýsingar í síma 588 8900

[www.transatlantic.is](http://www.transatlantic.is)

## Eystrahorn

Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Rítstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: .....tjorvi@eystrahorn.is

Prófararklestur: Guðlaug Hestnes

Umbrot: .....Tjörvi Óskarsson

Prentun: .....Litlaprent

ISSN 1670-4126


## Styrktaráskrift

Viltu styðja við útgáfu  
Eystrahorns?

Kynntu þér málið á:

[www.eystrahorn.is/  
styrktaraskrift/](http://www.eystrahorn.is/styrktaraskrift/)

# Stuttmyndahátíð Fas



Á þessari önn höfum við, nemendur í sviðslistaáfanganum í Framhaldsskólanum í Austur- Skaftafellssýslu, verið að vinna við gerð tveggja stuttmynda, sem við ætlum að sýna í fyrirlestrasalnum í Nýheimum 7. maí.

Ferlið hefur verið langt og skemmtilegt. Við skrifuðum handritin, tókum upp hönd og mynd, lékum og klipptum myndirnar sjálf. Önnur myndin var tekin upp að hluta til í Bergárdal og hin í Nýheimum. Við fengum hjálp frá kennurum áfangans, Stefán Surla og Skrými og fengum lánaða búninga hjá Leikfélagi Hornafjarðar.

Á föstudeginum 7. maí ætlum við að sýna stuttmyndirnar okkar ásamt sex öðrum stuttmyndum eftir nemendur skólans og fleirum. Allar myndirnar eru sýndar í röð fjórum sinnum yfir daginn, klukkan 14:00, 15:00, 16:00 og 17:00. Eins og áður kom fram eru sýningarnar í fyrirlestrasalnum í Nýheimum og öllum er velkommið að mæta á þeim tíma sem þeim hentar best. Við minnum þó á grímuskyldu og fjarlægðartakmörk. Allir eru velkomnir og við vonumst til að sjá sem flesta.



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**

## Sviðsstjóri fræðslu- og frístundasviðs

Sveitarfélagið Hornafjörður auglýsir lausa til umsóknar stöðu sviðsstjóra fræðslu- og frístundasviðs. Sviðsstjóri hefur yfirumsjón með málefnum skóla, frístunda og íþróttá hjá sveitarfélaginu og er starfsmaður fræðslu- og tómstundanevndar. Sveitarfélagið rekur tvo grunnskóla, tvo leikskóla, tónskóla, sundlaug og önnur íþróttamannvirki auk þess sem undir sviðið heyrir félagsmiðstöð, vinnuskóli og Vöruhúsið / FabLab.

Sviðsstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri og stjórnun sviðsins, þ.m.t. fjármálum þess. Hann hefur yfirumsjón með stefnumótun, eftirlit með rekstri og faglegu starfi sviðsins. Sviðsstjóri ber jafnframt ábyrgð á að stuðla að góðri samvinnu við önnur svið og einingar innan sveitarfélagsins.

Um er að ræða krefjandi starf fyrir öflugan stjórnanda sem mun leiða og veita faglega forystu í fræðslumálum sveitarfélagsins.

### Helstu verkefni og ábyrgðarsvið

- Yfirumsjón með fræðslu-, íþrótt- og frístundamálum í sveitarfélaginu
- Ber ábyrgð á stefnumótun í málaflokkum sviðsins
- Umsjón með rekstri sviðsins, gerð og eftirlit með fjárhagsáætlun þess
- Áætlanagerð og eftirlit með námi og kennslu í skólum í samvinnu við skólastjórnendur
- Tryggir eftirfylgni með lögum um leik-, grunn- og tónskóla, æskulýðslög og viðeigandi reglugerðir
- Eftirlit og umsjón með aðbúnaði, skipulagi og árangri skólustarfs í samvinnu við skólastjórnendur
- Tengiliður skóla við mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga
- Studningur og ráðgjöf við skólastjórnendur og aðra forstöðumenn sem undir sviðið heyrir
- Hefur umsjón með aðkeyptri sérfræðihjónustu og viðeigandi samningagerð
- Situr sviðsstjórafundi sem og fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar ef þörf er talin á

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun kostur
- Reynsla af stjórnun skólamála nauðsynleg
- Þekking á stefnumótun og rekstri innan opinberrar stjórnsýslu æskileg
- Góð þekking á lögum tengdum málaflokkum starfsins nauðsynleg
- Framúrskarandi samskiptafærni og leiðtogahæfni
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, samvisskusemi og frumkvæði í starfi
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Áhugi á upplýsingatæknimálum og vilji til að bæta við sig þekkingu á því sviði

### Umsóknarfrestur er til og með 2. maí 2021

Umsóknum skal fylgja ítarleg starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar ásamt rökstuðningi fyrir hæfi til að sinna starfinu. Umsóknir skulu sendar Matthildi Asmundardóttur á netfangið [matthildur@hornafjordur.is](mailto:matthildur@hornafjordur.is), en hún veitir jafnframt nánari upplýsingar um starfið í síma 470-8000. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Ráðið er í öll störf óháð kyni.



# Nýsköpunarverkefni á vegum Náttúrustofu Suðausturlands fékk 8.5 milljóna styrk



Frá Kirkjubæjarklaustri

Nýlega úthlutaði Loftslagssjóður styrkjum í verkefni ársins 2021. Sjóðnum bárust 158 umsóknir og voru 24 þeirra styrktar eða um 15% umsókna sem sóttu um, 12 nýsköpunarverkefni hlutu styrk og 12 kynningar- og fræðsluverkefni. Þetta er í annað sinn sem úthlutað er úr sjóðnum, en hann heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðherra. Hlutverk sjóðsins er að styðja við verkefni sem lúta nýsköpun á sviði loftslagsmála og kynningu og fræðslu um áhrif loftslagsbreytinga.

Eitt þeirra nýsköpunarverkefna sem fékk styrkúthlutun var verkefnið *Kolefnisforði og CO<sub>2</sub> flæði úr jarðvegi - samstarfsverkefni um vöktun á völdum landgerðum*. Umsækjandi verkefnisins er Náttúrustofa Suðausturlands og meðumsækjandi er Landgræðslan. Samstarfsaðilar verkefnisins eru: Ólafur S. Andrésen sem hefur undanfarin misseri



Rannveig Ólafsdóttir, verkefnisstjóri verkefnisins frá Náttúrustofu Suðausturlands.

hannað og þróað smíði á smátæki sem mælir losun CO<sub>2</sub> úr jarðvegi, sveitarfélagið Skaftárhreppur, Mor-nefndin-samstarfsnefnd Skaftárhrepps, Landgræðslunnar og Skógræktarinnar og Sveitarfélagið Hornafjörður.

Verkefnið er unnið til eins árs og verkefnisstjóri er Rannveig Ólafsdóttir, sérfræðingur hjá Náttúrustofu Suðausturlands, búsett og starfandi í Skaftárhreppi. Markmið verkefnisins er að mæla kolefnisforða ásamt CO<sub>2</sub> flæði úr þurrlendisjarðvegi valinna landgerða í Skaftárhreppi og þannig er hægt að áætla heildarlosun eða bindingu úr þessum vistgerðum með nokkuð góðri vissu. Hugmyndin að verkefninu kviknaði fljótt eftir að íslensk stjórnvöld gáfu út aðgerðaáætlun sína í loftslagsmálum. Þar eru sett markmið um að minnsta kosti 40% samdrátt á losun gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 2030, og kolefnishlutleysi árið 2040. Jafnframt er stefnt á gríðarlega aukna bindingu kolefnis vegna landnotkunar eða um +51% aukningu frá 2005 til 2030. Landnotkun (e.Land Use, Land Use Change and Forestry, skammstafað LULUCF) er einn stærsti losunarpáttur gróðurhúsalofttegunda sem standa þarf skil á gagnvart Parísarsamningnum en rekja má um fjórðung allrar losunar á heimsvísu til landnotkunar. Þessi þáttur er jafnvel enn mikilvægari á Íslandi, þar sem um 65% losun gróðurhúsalofttegunda á landsvísi er rakin til landnotkunar og um 86% losunar fyrir Suðurland. Losunarbókhald vegna landnotkunar og skógræktar er skemmra á veg komið en fyrir aðrar uppsprettur eins og til dæmis losun frá jarðefnaeldsneyti og iðnaðarferlum enda er um flókna vístfræðilega ferla að ræða og mikinn breytileika eftir aðstæðum (Verkefnisstjórn aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum 2020).

Því þarf að gera stórauknar kröfur um mælingar á losun CO<sub>2</sub> frá jarðvegi til að hafa áreiðanlegar upplýsingar í aðgerðum gegn loftslagsbreytingum. Fjölga þarf mælingum og í fjölbreyttari landgerðum en gert hefur verið hingað til.

Verkefnið hefur fjárfest í alþjóðlega vottuðum dýrum mælibúnaði frá PP systems sem mælir bæði bindingu og losun CO<sub>2</sub> úr jarðvegi. Hefur slíkur búnaður verið prófaður og notaður með góðum árangri hjá Landgræðslunni. Samhliða mælingum á CO<sub>2</sub> úr jarðvegi verður notast við nýjan íslenskan tækjabúnað sem hefur verið þróaður með styrk frá Loftslagssjóði á síðasta ári. Íslenski ódýrari búnaðurinn er talinn tilbúinn til almennrar notkunar en hefur ekki verið prófaður við skipulagðar mælingar eða staðlaður með annarskonar mælingum. Hér gefst því kostur á að prófa fýsileika þessa nýja búnaðar og fá samanburð við mælingar gerðar með viðurkenndum búnaði.

Markmiðið er að gögn og niðurstöður sem safnast með verkefninu nýtist m.a. sveitarfélaginu Skaftárhreppi til að ná árangri í loftslagsmálum í gegnum skipulagsgerð. Skaftárhreppur er annað landstærsta sveitarfélag landsins og um þessar mundir er verið að vinna í nýju aðalskipulagi sem tekur mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og eru þar aðgerðir í loftslagsmálum sérstaklega dregnar fram. Að draga úr kolefnislosun og auka kolefnisbindingu hjá sveitarfélagi sem byggir að stórum hluta afkomu sína á hefðbundnum landbúnaði er mikil áskorun. Með þeim niðurstöðum sem fást úr verkefninu verða til gögn um kolefnisbúskap landflokka og þannig hægt að kortleggja hvar jarðvegur er að tapa kolefni og hvar það bindst. Með þær niðurstöður er hægt að hefja samræður um hvar best væri að

auka útbreiðslu náttúruskóga, endurheimta votlendi, hefja skógrækt, fríða fyrir beit o.s.frv. Niðurstöður fyrir hvern undirflokk sem mældur er mun einnig nýtast öðrum sveitarfélögum á landsvísi eða landeigendum með sambærilegar vistgerðir til að meta kolefnisbúskap sinna landgerða og gera áætlanir fyrir breytta landnotkun með það að markmiði að draga úr losun eða auka bindingu.

Síðast en ekki síst skapast þekking og störf í heimabyggð og reynsla fæst í samstarfi ólíkra aðila um vöktunarmælingar á kolefnisforða lands og breytingum þar á, sem myndi nýtast til að setja upp og þróa sambærilegt samstarf á landsvísi. Verður verkefnið liður í mikilvægu framlagi til að afla betri þekkingar á losun CO<sub>2</sub> frá mismunandi landgerðum á Íslandi sem bætir loftslagsbókhald Íslands.

Aðstandendur og starfsmenn Náttúrustofu Suðausturlands eru ánægðir og þakklátir fyrir styrkinn sem fékkst í þetta verkefni.

*Rannveig Ólafsdóttir og Kristín Hermannsdóttir*



Á myndinni eru talið frá vinstri; Rannveig Ólafsdóttir frá Náttúrustofu Suðausturlands, Elín Erla Káradóttir sumarstarfsmaður Náttúrustofu Suðausturlands og Jóhann Þórsson frá Landgræðslunni. Verið er að setja niður mælirör í jarðveginn.



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG  
Sveitarfélagið Hornafjörður  
velliðan fyrir alla

## Myndatökusvæði á Höfn

Sveitarfélagið Hornafjörður efnir til hugmyndasamkeppni um verkefnið „Myndatökusvæði á Höfn“ Verkefnið er liður í undirbúningi myndatökusvæðis inn á Höfn sem laðar að ferðamenn og hefur möguleika á að verða vinsæll áfangastaður.

Óskað er eftir hugmynd að útilistaverki og staðsetningu þess á Höfn. Gert er ráð fyrir við verkefnið muni standa við höfnina þar sem Akurey stóð en önnur svæði innan Hafnar geta komið til greina.

Álík myndatökusvæði má finna á öðrum stöðum á landinu og ætlað er að svæðið verði partur af ferðaplönun ferðamanna líkt og stóllinn við Þorgeirsstaði í Lóni er orðinn, hjartað á Akureyri og hjartað í Hafnarfirði.

Hönnun verksins er í höndum hönnuðar en sveitarfélagið sér um kostnað vegna framkvæmda.

Ráðgert er að kostnaður við uppsetningu og gerð verksins verði allt að 1.5 miljón.

Dómnefnd velur verðlaunaverkið og verða úrslit kunngerð í júní 2021.

Verðlaunahafinn fær 200.000 kr. í höfundarlaun.

**Skilafrestur er til 16. maí 2021** og skal tillögum skilað rafrænt á: [eyrunh@hornafjordur.is](mailto:eyrunh@hornafjordur.is)



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG  
Sveitarfélagið Hornafjörður  
velliðan fyrir alla

## Sumarstörf fyrir námsmenn

Sveitarfélagið Hornafjörður auglýsir laus til umsóknar sumarstörf fyrir námsmenn. Skilyrði fyrir ráðningu er að umsækjandi sé í námi (á framhalds- eða háskólastigi) og hafi náð 18 ára aldri.

Um átaksverkefni sveitarfélagsins og ríkisins er að ræða til þess að mæta þeim aðstæðum sem upp eru samfélaginu vegna heimsfaraldursins. Markmiðið er að styðja við námsmenn í sveitarfélaginu með því að ráðast í atvinnuskapandi verkefni innan allra starfssviða sveitarfélagsins og þannig veita nemum tækifæri til atvinnu í sumar.

**Umsóknarfrestur er til og með 2. maí 2021** og skulu umsóknir sendar á [sverrih@hornafjordur.is](mailto:sverrih@hornafjordur.is). Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Ráðið er í öll störf óháð kyni.

Allar nánari upplýsingar veitir Sverrir Hjálmarsson, mannauðs- og gæðastjóri, í síma 470-8000.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)



## Vilt þú læra meira í hestamennsku

Framhaldsskólinn FAS á Höfn býður uppá 20 eininga nám í hestamennsku sem hefst í haust.

Bóklegir áfangar verða skipulagðir sem fjarnám en verklegt nám verður kennt í lotum.

Námið er hagsað fyrir 16 ára og eldri, en hestamenn eru hvattir til að koma í endurmenntun.

Allan nánari upplýsingar eru á [www.fas.is](http://www.fas.is)

Skráningargjald fyrir önnina er 6000 kr. innifalið kennsla og aðgangur að reiðhöllinni við Stekkhól.

Skráning fer fram á [www.fas.is](http://www.fas.is)



Framhaldsskólinn í  
Austur-Skaftafellssýslu



Litlubrú 2 - 780 Höfn í Hornafirði - [www.fas.is](http://www.fas.is)

## Hjólabrú yfir Hnappadalsá



Í byrjun júlí í fyrra var komið fyrir 20 metra langri hjólabrú yfir Hnappadalsá inn á Stafafelli í Lóni. Brúin var smíðuð af Steini Hróti Eiríkssyni hjá Brimuxa ehf. í Reykjavík en gerð brúarinnar var styrkt af Framkvæmdasjóði ferðamannastaða og stendur Gunnlaugur Benedikt Ólafsson að framkvæmdinni. Styrkurinn fékkst til að brúa Hnappadalsá og Víðidalsá og með því opna gönguleið um Stafafell gegnum Víðidal, Kollumúla, Eskifell og til byggða, þessi leið hefur verið kölluð Austurstræti. Brúin stóð af sér miklar rigningar síðastliðið sumar og greinilegt að hún er vel hönnuð og örugg fyrir göngufólk. Hún haggadist ekki og varð vatnsmagnið í ánni aldrei það mikið að ekki væri hægt að fara yfir. Var brúin vöktuð þegar mest var í ám, lækjum og vötnun inn á Stafafelli og farið var í nokkrar vettvangsferðir til að athuga hvort hönnunin stæðist ekki allar forsendur, sem hún gerði.

Brúnni var komið fyrir neðan stórgrýttan hluta árinna við gilkaftinn þar sem er finni möl en þar sem áin skiptir sér ekki af. Grafíð hefur úr bakkanum innra megin þar sem brúin liggur upp að, og hefur það ekki breyst í nokkur ár. Notast var við landganga sitthvoru megin við ána til að hægt væri að ganga yfir hana. Brúin var dregin á land um miðjan september og geymd fyrir veturinn.

Brúinn mun verða komin aftur á sinn stað í byrjun júní.



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**

### Leikskólinn Sjónarhóll auglýsir eftir matráð í eldhús

#### Helstu verkefni:

Að elda næringarríkan, góðan og öruggan mat við hæfi barna í samræmi við leiðbeiningar landæknis í samráði við yfirmatráð. Auk þess að annast frágang, þvo þvott og ganga frá honum.

#### Hæfniskröfur:

- Reynsla sem matráður eða af öðru sambærilegu starfi.
- Frumkvæði, skipulagshæfni og drifkraftur í starfi.
- Sjálfstæði og vandvirkni í vinnubrögðum.
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum.

Laun greidd samkvæmt samningum launanevndar Sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf þann 25. maí næstkomandi.

Umsóknarfrestur er til 11. maí næstkomandi

Umsóknir ásamt ferilskrá berist til Maríönnu Jónsdóttur leikskólastjóra á netfangið: [mariannaj@hornafjordur.is](mailto:mariannaj@hornafjordur.is)



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**



### Íbúafundur um hitaveitu

Íbúafundur um nýja hitaveitu í sveitarfélaginu verður haldinn rafrænt þann **3. maí kl. 20:00**.

Matthildur Ásmundardóttir bæjarstjóri og Kristinn Jakobsson verkefnastjóri hjá RARIK ohf. fara yfir stöðu mála á framkvæmd hitaveitu og svara spurningum íbúa/notenda hitaveitu.

Fundurinn verður sendur beint á Youtube.com og Teams meeting. Hægt er að senda spurningar fyrir fundinn á [slido.com](https://www.slido.com) með aðgangstölum 411-388 eða á [afgreidsla@hornafjordur.is](mailto:afgreidsla@hornafjordur.is) einnig er tekið á móti spurningum á Teams meeting á meðan fundinum stendur.

Matthildur Ásmundardóttir bæjarstjóri



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)



# SUMARSTÖRF Á OLÍS HÖFN

Olís Höfn óskar eftir að ráða traust fólk til sumarstarfa á líflegan vinnustað. Störfin felast í almennri afgreiðsu í verslun og veitingum, vörumóttöku, áfyllingu, þrifum, þjónustu við viðskiptavini og öðru tilfallandi.

## Hæfniskröfur

- Snyrtimennska og reglusemi
- Jákvæðni, dugnaður, þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

Sótt er um á [olis.is](https://olis.is).

**Umsóknarfrestur er til og með 9. maí.**

Nánari upplýsingar hjá útibússtjóra.

# VIÐ LEITUM AÐ TRAUSTU STARFSFÓLKI




JAFNLAUNAVOTTUN  
2019 - 2022

Hjá Olís er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, stuðning til náms og heilsuefningar, heiðarleika í samskiptum, snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð.



Vinur við veginn

# ÞAÐ ER NÓG TIL!



Vegna óvenjulegra aðstæðna í samfélaginu getur AFL Starfsgreinafélag ekki boðið Austfirðingum til kaffisamsætis í tilefni 1. maí eins og hefðbundið er.

Við hvetjum launafólk á Austurlandi til að nota daginn sér og fjölskyldunni til góðs en um leið að gefa sér tíma til að hugleiða ástandið í þjóðfélaginu. Við þurfum að skoða hvaðan við komum og hvert við erum að fara.

Fyrir 100 árum átti almennt launafólk ekkert nema fátæktina. Við höfðum engin réttindi og fáa málsvara. Síðan þá hefur mikið gerst í réttindamálum okkar og við höfum náð miklum árangri.

Síðasta ár hefur verið einstakt. Stór hluti atvinnulífsins hefur verið í biðstöðu og hundruðir milljarða hafa streymt úr ríkissjóði í hvers kyns stuðningsaðgerðir. Nú er komið að timburmennunum – nú þarf að borga kostnaðinn. Það verður líklega gert með því að skerða almannaþjónustu, auka kostnaðarþátttöku í heilbrigðiskerfinu og auka álögur á láglaunafólk. Það er okkar að koma í veg fyrir það.

Við segjum nei – við segjum „Það er nóg til!”

